

## Tillaga til þingsályktunar

um atvinnuuppbyggingu og þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Kolbrún Halldórsdóttir,  
Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við Hríseyjarhrepp að efla atvinnuuppbyggingu í Hrísey og þróa þar sjálfbært samfélag í anda Staðardagskrár 21.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt nær óbreytt með lítils háttar breytingum á greinargerð.

Ráðamenn í Hrísey á Eyjafirði hafa lýst yfir miklum áhuga á að kanna möguleika á að fá eyjuna viðurkennda sem vistvænt samfélag. Eyjan er um margt sérstök hvað varðar náttúrufer og miklir möguleikar eru taldir á að nýta sérstöðu hennar og sögu ásamt kyrrlátum lífsstíl íbúanna til atvinnusköpunar. Árið 1998 sneri sveitarstjórn Hríseyjarhrepps sér til stjórnar *Áforms – átaksverkefnis*. Stjórn Áforms fór síðan til Hríseyjar í september 1999 og kynnti sér aðstæður.

Á seinni hluta ársins 1999 urðu straumhvörf í atvinnumálum í Hrísey. Langstærsti atvinnurekandinn í eyjunni, Snæfell hf., ákvað að hætta allri starfsemi þar snemma árs 2000. Má segja að þá hafi nánast allur fiskveiðikvóti horfið frá Hrísey.

M.a. vegna sérstaks áhuga Hríseyinga á að þróa vistvænt samfélag er hér lagt til að ríkisvaldið komi myndarlega að slíku verkefni og styðji sveitarstjórnina við framkvæmd þess og að öll ráðuneyti veiti stuðning við starf að því markmiði að gera samfélagið vistvænt. Líta ber á verkefnið sem tilraunaverkefni, t.d. til fimm ára. Hér að neðan eru talin upp helstu verkefni sem æskilegt væri að vinna í þessu sambandi:

1. Að þróa og gera tilraun með vistvænar fiskveiðar frá Hrísey sem fengið gætu lífræna vottun. Æskilegast væri að Hríseyingar sem hafa átt lögheimili í eyjunni sl. 12 mánuði gætu stundað slíkar veiðar á fiski. Hér yrði um fullkomlega frjálsar veiðar að ræða en með kröfu um vistvæn veiðarfæri. Samkvæmt upplýsingum frá Hrísey má áætla að að á bilinu 8–15 eigendur smábáta væru í stakk búnir til þess að taka þátt í tilrauninni. Gæti því verið um að ræða veiðar á 800–1.200 tonnum en þá yrði sú kvöð á veiðunum að aflanum yrði landað í Hrísey og hann unninn og markaðssettur sem lífrænt vottaður fiskur.
2. Að Hríseyjarhreppi verði gert kleift að koma vistheimilinu Hlein í notkun. Hlein er dvalarheimili fyrir aldraða sem stendur að mestu leyti autt og ónotað. Á Hlein er aðstaða til þess að vista sex manns við fullkomnustu aðstæður og gæti húsnæðið nýst skjólstaðingum innan heilbrigðis- eða félagsþjónustugeirans.
3. Að einangrunarstöðin í Hrísey verði eflað þannig að hún megi með góðu móti þjóna öllu landinu um fyrirsjáanlega framtíð.

4. Að aðstoða Hríseyjarhrepp við að styrkja grundvöll sjálfbærrar ferðaþjónustu í eygni og kanna möguleikann á að fá alþjóðlega vottun fyrir þjónustuna. Fyrir liggur að ráðast verður í miklar framkvæmdir til að styrkja ferðaþjónustuna. Má þar nefna vegagerð frá þorpinu norður að vita, en það er um 7 km leið, áframhaldandi merkingar á gönguleiðum um eyjuna, uppbyggingu safns sem tileinkað er Hákarla-Jörundi og hafnarmannvirki fyrir Hríseyjarferju, bæði í Hrísey sjálfri og á Árskógssandi. Einnig að náttúrufarsrannsóknir í eyjunni verði eflar og þannig lagður grunnur að kortlagningu og kynningu á því sviði.
5. Að aðstoða Hríseyjarhrepp til þess að verða til fyrirmyndar hvað varðar fráveitu- og sorphirðumál. Í anda Staðardagskrár 21 verði þetta gert með markvissri fræðslu eyjar-skeggja og framkvæmdum sem nauðsynlegar eru.
6. Að stofnaður verði nýsköpunarsjóður fyrir Hrísey. Sjóðurinn hafi það að markmiði að veita aðstoð þeim fyrirtækjum sem hugsanlega vildu setja niður starfsemi í Hrísey og vinna að framleiðslu sinni með vistvænum eða lífrænum aðferðum. Þegar hafa borist fyrirspurnir til sveitarstjórnarinnar í Hrísey um uppsetningu á slíku fyrirtæki og hvað þau áform snertir hefur ímynd eyjarinnar sem náttúruperlu verið helsta aðdráttaraflið.

Hér eru einungis taldir upp helstu möguleikar á þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey. Gert er ráð fyrir að um verði að ræða samstarfsverkefni heimamanna og allra ráðuneyta, enda tekur þróun samfélags í anda Staðardagskrár 21 til allra þátta samfélagsins. Það er von flutningsmanna að þessi tilraun í Hrísey geti orðið til fyrirmyndar við þróun annarra sveitarfélaga landsins í átt til sjálfbærrar þróunar samfélagsins.